

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar, Þingvallasveit 2004-2016, frístundabyggð í landi Heiðarbæjar.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 29. maí 2013 breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar, Þingvallasveit 2004-2016, sem samþykkt var í sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann 7. júní 2012. Niðurstaða sveitarstjórnar var auglýst 16. maí 2013.

Breytingin felst í því að færð eru inn á aðalskipulag Þingvallasveitar 2004-2016 svæði fyrir frístundabyggð sem þegar eru til staðar í landi Heiðarbæjar. Breytingin felur ekki í sér fjölgun á lóðum fyrir frístundahús.

Málsmeðferð var samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsstofnun, 29. maí 2013.*

**Hafdís Hafliðadóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Erna Hrönn Geirsdóttir.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 12. júní 2013